



Útflutningur andlegra verðmæta stöðvaður, 24.  
Nóvember 1949, ásamt bréfi dags. 7. Desember 1949

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Jón Leifs – Nótanprentsmiðjur – Nótateiknarar  
Menntamálaráðuneyti

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-2, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 7. 12. 1949.  
~~Vonustræti 10~~

Kæri vinkona!  
Þú hefur verið svo góð og þakka þér að þú sést  
vörðum myndum listanna í landinum,  
sérstaklega þú hefur gætt og leyft mér  
að ljúga þú að lofa mér að ræða  
efni þessara myndu myndu þakka. -

Mest hillaðskona,  
þú er þetta  
þin súp.

Sinn 5794 og 2566.



## ÚTFLUTNINGUR ANDLEGRA VERDMÆTA STÖÐVAÐUR.

Greinargerð eftir Jón Leifs.

Íslendingar flytja nú andlegar afurðir svo að segja eingöngu inn en ekki út, og svo hefur verið lengi. Íslensk tónlist til um það bil eitt hundruð klukkustunda flutnings liggur óhagnýtt að mestu, óprentuð og ófjölrituð, óupptekin á plötur eða bönd, og þar af leiðandi að mestu leyti óflutt innan lands og utan.

Nótnaprentsmiðjur eru ekki til hér á landi og engir nótnateiknarar á alþjóðlegum mælikvarða. Upptökutækni er hér einnig ófullkomin og hljómsveitir og söngflokkar fyrir erfiðari hlutverk ekki til. Útvarpið skoppar plötum af útlendri verndaðri gervitónlist og örfáum íslenskum lögum, mest sömu verkunum ár eftir ár, og notar ekki svo að nokkru nemi aðstöðu sína til að útbreiða íslenska list erlendis. Þannig malast gull í myllu útlendra réttthafa, en íslensk tónskáld fá ekki að hagnýta verk sín í öðrum löndum, nema að framselja megnið af tekjum sínum fyrirfram, þar til 50 ár eftir lát sitt, í hendur útlendrar fyrirtækja. Íslensk tónskáld geta sem sagt tæplega verið búsett í sínu eigin landi. Jafnvel umsóknum þeirra um lítilfjörleg gjaldeyrisleyfi fyrir nótnapappír til að skrifa upp verk sín hefur á seinustu árum hér verið neitað.

Íslensk tónskáld vilja þó vera Íslendingar og búa í sínu eigin landi. Íslenskir höfundar hafa sjálfir stofnað sitt útflutningsforlag og með aðstoð góðra manna safnað til þess nokkru fé, en yfirvöldin hafa ekki heldur veitt þessu fyrirtæki gjaldeyrisleyfi fyrir svo mikið sem einni einustu krónu til prentunar tónverka eða fjölritunar þeirra, til upptöku, né heldur til þess að kaupa erlend réttindi og afla með því gjaldeyristekna eða draga úr gjaldeyris-



eyðslu. Öllum tillögum Menntamálaráðuneytisins í þá átt hefur verið hafnað.

Flóiri, en Þrátt fyrir það hefur þessu félagi, sökum þess öryggis er felst í nöfnum forráðamanna og listhöfunda, tekist að ná hagkvæmum samböndum og samningum erlendis. Þessir menn hafa þrátt fyrir allar hindranir þegar sparað Íslandi hundruðir þúsunda króna í erlendum gjaldeyri og sett sín eigin réttindi og vantanlegar gjaldeyristekjur af verkum sínum sem tryggingu fyrir samningum. Gjalddeyrisyfirvöldin hafa þó ekki ennþá tekið upp samvinnu um ráðstafanir til gjalddeyrissparnaðar í þessum efnum. Þau leyfa og styðja innflutning listlausra andlegra afurða í stórum stíl, en loka fyrir útflutningsverzlum andlegra verðmæta frá Íslandi.

Margur lesandinn mun spyrja hvort íslenskir hagfræðingar skilji í raun og veru ekki svo einfaldar ástæður. Sumir þeirra skilja þetta ef til vill nú, af því að staðreyndirnar hafa byrjað að láta til sín taka, en margir viðskiptafræðingar hér á landi virðast ekki sjá annan útflutning en afurðir sjávarútvegs og landbúnaðar. Þeir hugsa sem svo: "Íslensk list, - það eru svo fáir fiskar. Ekki getur munað mikið um þá." Þessir menn gæta þess eigi að efnaleg verðmæti eru tortímanleg, en andleg verðmæti ekki. Það sem í askana er látið, er horfið um leið og það er etið, en andleg verðmæti aukast við afnotin og gefa oft vaxandi og mjög háar tekjur er frá líður. Það er ekki undir því komið hve mörg andlegu verkin eru, heldur undir því hve oft og hvernig þau eru hagnýtt, hve "upplagið" er hátt, hve oft þau eru margfölduð eða flutt.



Mönnum veitist erfitt að skilja það, en einmitt þetta sýnir að möguleikarnir til gjaldeyrisöflunar fyrir Ísland eru mörgum sinnum fleiri, en tekjumöguleikarnir af erlendum verkum hér á landi. Markaðurinn á Íslandi er svo óendanlega lítil en markaðurinn erlendis óendanlega stór. Allt þetta skýrist nú sennilega fyrir mönnum, ef þeir gefa sér tíma til að athuga það, en þá hugsa þeir sem svo, að verk íslenskra höfunda séu svo lítils virði að þau geti aldrei gefið mikið af sér. Sannleikurinn er hinsvegar sá, að verzlunargildi andlegra afurða mótast ekki af listrænum sjónarmiðum. Alþjóðlegir farvegir og sambönd skapa "umsetninguna" eins og á "rennibandi" og það sem látið er á bandið gefur arð hvort sem það er lélegt eða ekki. Yfirgnæfandi meirihlutinn af þessari verzlunarvöru er frá listrænu sjónarmiði mjög lélegur, og stundum er ekki einu sinni að því spurt hvort það sem látið er á "bandið" sé neytendunum að skapi. Menn kaupa af "bandinu" án þess að vita nokkuð um það fyrirfram, alveg eins og félagsmenn í bókmenntafélagi kaupa þær bækur fyrirfram, sem forstjórnunum þóknast að láta þeim í té.

Hér á landi virðast menn hinsvegar hugsa eins og með forðum þegar fluttur var sandur frá Danmörku til húsagerðar á Íslandi, af því að íslenskur sandur var talinn óhæfur. Íslensk tónlist er vitanlega enginn sandur, en allflest íslensk tónverk geta verið alþjóðleg verzlunarvara án tillits til listgildis. Bestu listaverkin þurfa auðvitað lengstan tíma til útbreiðslu, en þau geta verið sem vín í kjallara, er verður því betra sem frá líður, unz þau verða að lokum meira virði en gullið sjálft. Ríkissjóðir



og vörðverð. Sérhver heimainingur getur hinsvegar skilið að og ríkisbankar erlendis kaupa sem kunnugt er heildur viðurkennd hagstæð viðskipti andlegra verðmeta eru eskilög. Þessvegna listaverk til tryggingar veltu sinni en gull með sífallandi verði.

Undirritaður hefir nú í hátt á þriðja ár verið að reyna að sýna forráðamönnum gjaldeyrismála hér að til sé eitthvað, sem heitir innflutningur og útflutningur andlegra afurða samfara listamunnum sínu oft draunóræðum eða fíflum. Þeir eru margir töluverðum gjaldeyrisviðskiptum. Hann hélt að hér á landi mætti fara sömu leiðir og í öðrum löndum og sannfara menn með rökum, tölum og alþjóðlegum staðreyndum, en menn hafa margir aðeins hlegið, horft út um gluggann eða í sína rekið einkaerindi sín meðan á viðtalinu við gestinn stóð. Undirritaður lét einskis ófreistað til að upplýsa forráðamenn, en jafnvel langar greinagerðir með augljósum teiknidæmum og skýrslum varðandi reglur um innflutning og útflutning andlegra verðmeta virðast hafa legið ólesnar. Öllum tillögum til að skapa viðskiptajöfnuð Íslandi til gagns í þessum efnum var hafnað. Fyrir bragðið er óhjákvæmilegt að fara öfugu leiðina í viðskiptamálum andlegra verðmeta, því að ekki verður komist hjá alþjóðlegum staðreyndum.

Sökum vanrækslu Íslenskra gjaldeyrisyfirvalda er viðskiptajöfnuður andlegra verðmeta milli Íslands og annarra landa nú mjög óhagstæður fyrir oss. Hann væri sennilega þegar orðinn hagstæður hefðu nauðsynlegar ráðstafanir verið gerðar í teka tíð. Hann mun því fyrr verða hagstæður sem skilningur forráðamanna eykst skjótar í þessum efnum. Ekki verður til þess atlast að allir heimainingar hafi sama skilning á því sem kunnáttumiklir erlendir veraldarmenn, að útflutningur andlegra verðmeta er höfuðstoðin til álitsauka Íslendinga og þeirra eina sjálfstæðisvörn, einnig öruggt en hægfara auglýsingataki til að auka alla efnalega afurðasölu



og vöruverð. Sérhver heimalningur getur hinsvegar skilið að hagstæð fjárviðskipti andlegra verðmæta eru æskileg. Þessvegna eru íslenskir rétthafar neyddir til að leggja nú höfuðáherzluna á að sýna slíkar staðreyndir með augljósum dæmum reynslunnar.-

Hér á landi hefir sú skoðun náð fótfestu að listamenn séu oft draumóramenn eða fífl,- að þeir séu margir nokkurskonar Sölvar Helgasynir. Ef listamaður reynir hér að tala við menn í alvöru, þá hlæja menn stundum eins og ómenntaðir leikhúsgestir, sem skella upp úr við dýpstu speki og halda að sorgarleikur sé gamanleikur. Sumir okkar listamanna hafa tekið þann kostinn vænstan að látast vera fífl, að leika fífl, til þess eins að geta betur þolað nærveru þessara listsnauðu manna. Það er sorgarleikur.

Reykjavík, 24. nóvember 1949.

Jón Leifs.